



MAT LEIKAR

Matur og tónlist á Lamb Inn

Okkur á Lamb Inn Öngulsstöðum langar til að brydda upp á nýjung næsta vetur. Við köllum það Mat-leika, sem er blanda af mat og tónleikum. Við viljum fá tónlistarmenn úr héraði til að koma fram og ekki bara spila heldur líka ákveða matseðilinn með okkur það kvöld sem komið er fram. Með öðrum orðum, við eldum matseðil sem tónlistarmennirnir ákveða – getur verið þeirra uppáhalds matur eða aðrir réttir. Eftir matinn mun tónlistarfólkið halda tónleika í 60-90 mínútur. Stefnt er að því að tónleikunum ljúki eigi síðar en 21.30/22.00.

Með þessu viljum við setja upp reglulegan matartengdan viðburð með lifandi tónlist. Þetta er talsvert ný nálgun en gæti orðið mjög spennandi. Tónlistarfólkið sjálft getur komið að matseld og framreiðslu rétta, sem fyrirhugað er að koma fyrir á hlaðborði.

Við ætlum að hafa þetta einu sinni í mánuði, alltaf fyrsta föstudag hvers mánaðar og byrja föstudaginn 1. september. Aðrar dagsetningar eru;

6. október – 3. nóvember – 1. desember (jóna mat-leikar), 5. janúar, 2. febrúar, 2. mars, 6. apríl og 4. maí, samtals átta dagsetningar.